

Fimmtudaginn 16. maí 1991.

Nr. 89/1990. **Frjáls fjölmiðlun hf.**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Sigurði Pálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Höfundaréttur. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1990. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda 1.224,20 krónur með dráttarvöxtum svo sem stefndi krefst frá 22. desember 1986 til greiðsludags, og verði málskostnaður í héraði látinn niður falla, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að stefndi eigi rétt á skaðabótum og miskabótum úr hendi áfrýjanda vegna heimildarlausrar birtingar ljóðsins Götuljóðs í aprílhefti tímaritsins Úrvals, sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. höfundalaga nr.73/1972, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984.

Staðfest er ákvörðun héraðsdómara um fjárhæð þá, sem áfrýjanda ber að greiða samkvæmt 1. mgr. 56. gr. höfundalaga, 1.951 krónu. Miskabætur, sem áfrýjanda ber að greiða stefnda samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984, þykja hæfilega ákveðnar 25.000 krónur. Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 26.951 krónu svo og vexti með hliðsjón af kröfugerð, svo sem í dómsorði segir.

Áfrýjandi greiði 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, Frjáls fjölmiðlun hf., greiði stefnda, Sigurði Pálssyni, 26.951 krónu með 22% ársvöxtum af 1.951 krónu frá 1. júní 1985 til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 26.951 krónu frá 15. janúar 1987 til 1. mars s.á., 2,5% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 1988. Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 27. janúar 1989, af Sigurði Pálssyni rithöfundi, Mávahlið 38, Reykjavík, kt. 300748-3099, á hendur Sveini R. Eyjólfssyni, Kvisthaga 12, Reykjavík, kt. 040538-7049, stjórnarformanni Frjálsrar fjölmiðlunar hf., Þverholti 11, Reykjavík, kt. 550282-0469, f.h. félagsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 112.242, með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.224,20 með umkröfðum dráttarvöxtum frá 22/12 1986 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður mál þetta vera þannig til komið, að stefndi gefi út tímaritið Úrval. Í því séu aðallega birtar þýddar greinar, en þó einnig ýmislegt annað efni, svo sem ljóð eftir innlenda höfunda. Í aprílhefti Úrvals 1985 hafi verið birt ljóðið „götuljóð“ úr ljóðabók stefnanda, ljóð vega salt, er

út kom árið 1975. Ekki hafi verið leitað samþykkis stefnanda, sem ekki hafi fengið fregnir af því fyrr en í desember 1986, að ljóð sitt væri að finna í áðurnefndu tímariti. Þar sem hann hafði ekki veitt heimild fyrir birtingunni, hafi hann þegar leitað til lögfræðings síns.

Lögmaður stefnanda hafi sent stefnda ábyrgðarbréf, dags. 15. desember 1986, með kröfu um skaðabætur, vexti og innheimtulaun vegna heimildarlausrar birtingar á ljóði stefnanda. Engin svör hafi borist við bréfi lögmannsins og stefnandi því ekki séð annan kost en höfða mál gegn stefnda til heimtu skaðabóta.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á því, að hann sem höfundur að umræddu ljóði hafi eignarrétt þess, sbr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og hafi skv. 3. gr. sömu laga einkarétt á að birta verk sín með þeim takmörkunum, sem í lögunum greinir. Án samþykkis stefnanda sé öðrum mönnum óheimilt að gera eintök af verkum hans og gefa þau út. Við munnlegan málflutning kom enn fremur fram, að framsal höfundar væri helsta leið sér til þess að fá tekjur af verkum sínum. Stefndi hafi á heimildarlausan og ólögmetan hátt birt ljóð stefnanda án þess að gera nokkra tilraun til að leita samþykkis, sem þó hefði átt að vera auðvelt að gera, annaðhvort símleiðis eða bréfleiðis.

Stefnandi kveður stefnukröfuna sundurliðast þannig:

1. Skaðabætur, er svara til tífaldra ritlauna skv. gjaldskrá RSÍ, vegna heimildarlausrar birtingar eins ljóðs	kr. 9.755
2) Sparisjóðsvextir af kr. 9.755 frá 1.6.'85 til 21.12.'86	kr. 2.487
3) Miskabætur	kr. 100.000
Samtals	kr. 112.242

Stefnukrafan svari til tífaldra ritlauna fyrir ljóð skv. leiðbeinandi gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands, eins og hún var í apríl 1985. Skaðabóta-kröfu sína kveðst stefnandi styðja þeim rökum, að stefndi hafi af ásetningi eða a.m.k. af stórfelldu gáleysi á gróflegan hátt brotið gegn einkarétti sínum til að ráða yfir og birta verk sín, þ. á m. til að ákveða, hvar og hvernig þau birtast. Háttsemi stefnda sé þar að auki refsiverð, þótt ekki sé gerð krafa um refsingu í málinu. Brot stefnda hafi haft fjártjón í för með sér fyrir stefnanda, sem honum sé skylt að bæta skv. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Kröfu sína um miskabætur kveðst stefnandi byggja á 2. mgr. 56. gr. laga nr. 72/1973, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984, en skv. því lagaákvæði skuli dæma höfundi og listfytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmetri háttsemi.

Auk höfundalaga nr. 73/1972 vísar stefnandi til ákvæða Bernarsáttmál-

ans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem staðfestur var með lögum nr. 80/1972.

Vaxtakröfu sína kveðst stefnandi byggja á lögum nr. 25/1987 um vexti svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands um vaxtafót á hverjum tíma og vaxtavaxtakröfu á 12. gr. laga nr. 25/1987, málskostnaðarkröfu við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 og kröfu um vexti á málskostnað við 3. mgr. 175. gr. sömu laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Stefndi kveðst gefa út tímaritið Úrval, sem flytji, eins og nafnið bendi til, úrval margs kyns efnis, einkum erlent efni. Tímaritið komi út tólf sinn- um á ári. Um miðjan sjöunda áratuginn hafi Úrval tekið að birta ljóða- kynningar að staðaldri, og hafi sú venja haldist allt til ársloka 1987, að í hverju tölublaði hafi birst eitt eða fleiri „úrvalsljóð“, oftast frumsamin ljóð íslenskra ljóðskálda, en stundum þó þýðingar erlendra ljóða. Tilgangur aðstandenda tímaritsins með þessari birtingu hafi verið sá einn að leggja sitt lóð á vogarskálina til þess að kynna íslenska ljóðlist, höfunda og bæk- ur, ef ske kynni, að sýnishorn þau, sem birt væru, mættu verða lesendum hvöt til þess að afla sér verka viðkomandi skálda og/eða viðkomandi bóka til að njóta þeirra til hlítar. Hafi þess snemma orðið vart, að viðkomandi ljóðskáld og ljóðapýðendur kunnu að meta þetta framtak, og hafi margir þeirra í gegnum tíðina (sic) látið í ljós þakklæti við ritstjóra tímaritsins vegna þessa. Ekki hafi verið beðið um leyfi fyrir fram vegna þessarar birt- ingar, og engin þóknun hafi komið fyrir. Hvorki höfundar, útgefendur né hagsmunasamtök höfunda hafi í gegnum árin (sic) haft uppi neinar athuga- semdir eða kröfur af þessu tilefni.

Í aprílhefti Úrvals 1985 hafi verið birt ljóð stefnanda, „götuljóð“, en það hafi áður verið birt í ljóðabók hans, ljóð vega salt, sem kom út árið 1975. Ekki hafi fremur venju verið leitað samþykkis höfundar fyrir fram og ekki boðin fram greiðsla. Kveðst stefndi ekki hafa vitað annað en að stefnandi væri líkt og aðrir höfundar „úrvalsljóða“ sáttur við þessa birt- ingu, þar til að honum barst bréf frá lögmanni stefnanda í desember 1986. Stefndi hafi þó haldið, að stefnandi hefði ákveðið að aðhafast ekkert frek- ar, þar til honum barst stefna í máli þessu.

Aðalkröfu sína kveður stefndi vera reista á því, að honum hafi á grund- velli 1. mgr. 14. gr. höfundalaga nr. 73/1972 verið heimilt að birta umrætt ljóð stefnanda í nefndu tímariti. Í II. kafla höfundalaga, þ. á m. í 14. gr., sé að finna ýmsar takmarkanir á höfundarétti, þ. á m. til þrengingar á 3. gr. laganna, sem stefnandi byggir kröfu sína á. Stefndi telur, að umrædd birting sé tilvitnun í bókmenntaverk stefnanda innan hæfilegra marka í skilningi 14. gr. höfundalaga. Óumdeilt sé, að rétt hafi verið með efnið farið. Stefndi telur, að hin langa og áður átölulausa hefð, sem komin sé á birtingu „úrvalsljóða“, styðji það sjónarmið sitt, að um sé að ræða

birtingu, sem heimil sé á grundvelli 14. gr. höfundalaga og sé af þeim toga takmarkana á höfundarétti, sem höfundar verði að sæta lögum samkvæmt.

Varakröfu sína kveður stefndi vera á því byggða, að þótt talið verði, að honum hafi verið óheimilt að birta umrætt ljóð í nefndu tímariti án leyfis stefnanda, þá sé í ljósi hinnar löngu og áður athugasemdalausis birtingar „úrvalsljóða“ ekki um það að ræða, að „brot“ stefnda hafi verið framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að birtingin hafi haft fjártljón í för með sér fyrir hann. Stefndi telur því, að rök og lagaheimild skorti til að dæma sig til greiðslu skaðabóta, er svari til tífaldra ritlauna fyrir ljóð, eins og stefnandi krefjist, sem og til greiðslu miskabóta. Stefndi telur, að einungis eigi þá að gera sér að greiða stefnanda venjuleg ritlaun fyrir ljóð skv. leiðbeinandi gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands, eins og hún hafi verið í apríl 1985, auk dráttarvaxta frá 22/12 1986, sbr. kröfugerð stefnanda. Þá séu einnig efni til, að málskostnaður falli niður, sbr. 178. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Niðurstaða.

Eigi er um það deilt, að stefnandi sé höfundur ljóðsins „götuljóðs“, er stefndi birti í tímariti sínu, Úrvali. Sem höfundur á hann eignarrétt og einkarétt á því skv. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Einnig er það óumdeilt, að stefndi birti ljóðið án þess að fara fram á heimild til birtingar og bjóða fram greiðslu.

Í ofangreindum lagaákvæðum er sú grundvallarregla höfundaréttar staðfest, að enginn annar en höfundur verks eða réttshafi höfundaréttar geti ákveðið, hvort og þá hvar, hvenær og hvernig verk, sem háð eru höfundarétti, skuli birt. Þessum ákvörðunarétti tengjast einnig fjárhagslegir hagsmunir höfundaréttarhafa.

Stefndi telur hins vegar, að birting ljóðsins hafi verið tilvitnun í tiltekið birt bókmenntaverk, þ.e. ljóðabók stefnanda, ljóð vega salt, og tilgangur hennar hafi verið að kynna lesendum tímaritsins íslenska ljóðlist. Sér hafi því verið birtingin heimil samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 14. gr. laga 73/1972, sem takmarki höfundarétt í slíkum tilvikum.

Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 73/1972 segir, að heimiluð sé „tilvitnun í birt bókmenntaverk ..., ef hún er gerð í sambandi við ... almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi“. Ekki verður fallist á þá túlkun stefnda, að skilgreina megi notkun hans á ljóði stefnanda sem tilvitnun eða kynningu. Ljóðið er sett upp sjálfstætt í ramma og undir sérstakri fyrirsögn og er ekki í neinum tengslum við annað efni, þannig að það verði skilgreint sem tilvitnun samkvæmt venjulegri merkingu þess orðs. Ljóð er sjálfstætt verk og er hér tekið úr ljóðabók, en er ekki tilvitnun í þá ljóðabók, þar sem það fyrst er birt. Fallast má á það um flest efni, sem birt er í tímariti,

að það sé í einhverjum skilningi kynning, en það er á sama hátt til fróðleiks, skemmtunar o.s.frv. Undanþáguákvæði 1. mgr. 14. gr. höfundalaga þykir hins vegar eiga að skýra svo, að átt sé við útgáfu, sem sérstaklega sé ætlað tiltekið kynningarhlutverk og markvisst og augljóslega þjóni þeim tilgangi. Víðari skilningur á þessu ákvæði myndi takmarka mjög ákvörðunar- og fjárhagslegan rétt höfundar. Tímarit stefnda eða þáttur þess, „úrvalsljóð“, þykir ekki uppfylla þetta skilyrði.

Ljóð stefnanda birtist í 4. hefti 44. árgangs tímaritsins Úrvals. Þykir stefndi hafa mátt vita af langri reynslu, að hann notaði þar efni, sem háð var höfundarétti, og hafa vísitandi látið hjá líða að leita heimildar höfundar. Heimildarlaus birting slíks efnis allt frá árinu 1965, þótt átölulaus væri, þykir ekki gera ranga hegðun rétta né skapa honum rétt gagnvart stefnanda. Þykir stefndi hafa brotið á rétti stefnanda til að ráðstafa hugverki sínu og rétti hans til að fá greiðslu fyrir birtingu þess. Þykir stefnandi því eiga rétt á bótum úr hendi stefnda, bæði vegna fjártjóns og miska, sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984.

Ekki verður fallist á það með stefnda, að stefnanda beri eigi hærri fébætur en svari endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands. Svo sem fram hefur komið, er þar um leiðbeinandi taxta að ræða, og getur höfundur samið um annað endurgjald en þar greinir. Hins vegar á stefnandi samkvæmt almennum reglum fébótaréttar eigi rétt til hærri bóta en tjóni hans nemur. Ósannað er, að tjón hans nemi tífoldu endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, og þykir hæfilegt að áætla honum tvöfalt endurgjald samkvæmt ofangreindri gjaldskrá, kr. 1.951, með almennum sparisjóðsvöxtum til 21. desember 1986, kr. 497.

Stefnanda ber samkvæmt skýlausu ákvæði 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984, miskabætur úr hendi stefnda, þar sem birting ljóðsins telst hafa verið ólögmætt brot á höfundarétti stefnanda. Forsenda breytingar þeirrar, er gerð var á höfundalögum með 7. gr. 1. nr. 78/1984, verður ekki skilin öðruvísi en svo, að ólögmæt röskun á rétti höfundar skapi í sjálfu sér rétt til miskabóta. Stefndi fer hins vegar rétt með ljóð stefnanda, getur höfundar og ljóðabókar og býr því þokkalega umgjörð í riti sínu. Verður því eigi að meðferð ljóðsins fundið af hálfu stefnda, og verður ekki séð, að stefnanda hafi verið með birtingu þess gerður annar og meiri miski en felst í því að vera sviptur ákvörðunarrétti um notkun hugverks síns í þessu eina tilviki. Þegar allt þetta er haft í huga sem og sá tími, er líður frá birtingu ljóðsins og til málshöfðunarinnar, þykja miskabætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 40.000.

Stefnda ber samkvæmt þessari niðurstöðu að greiða stefnanda samtals kr. 42.448 auk dráttarvaxta frá 15. janúar 1987, sbr. 9. gr. laga nr. 25/1877, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málkostnaður ákveðst kr. 45.000, og er þá tekið tillit til söluskatts. Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Frjáls fjölmiðlun hf., kt. 550282-0469, greiði stefnanda, Sigurði Pálssyni, kt. 300748-3099, kr. 42.448 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.1.1987 til 28.2. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 27.3.1987, með 30% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.6.1987, með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.7.1987, með 36% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.8.1987, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.9.1987, með 42% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.10.1987, með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.11.1987, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12.1987, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1.1988, með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.3.1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.5.1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.7.1988, með 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.8.1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.9.1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.10.1988, með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.11.1988, með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12.1988, með 24% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1.1989, með 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 27.1.1989, en frá þ.d. og til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22.12.1987.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 45.000, er beri án söluskatts dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.